

Nð.

97. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkanpstað.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði alt að 333000 — þrjú hundruð þrjátíu og þrjú þúsund — krónur, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Hafnarfjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 667 þús. króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getnr látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kys á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og ntan bæjarstjórnar.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, en hafnargjaldkeri annast fjármál hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Hafnarfjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, og farmi þeirra:

- 1) Lestagjald.
- 2) Vitagjald.
- 3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
- 4) Bryggjulgjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
- 4) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar semur og stjórnarráð Íslands

staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þan og innheimta. Fela má bæjarfógeta Hafnarfjarðar innheimtn á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álfíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörnr. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæslu- maður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþykta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega, ef kostnr er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áðnr en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum ntan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðnm, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinn liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðs- reikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaðnr af bæjar- stjórninni, sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðrn leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri nmferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglngerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögnum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglnmál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem lætur fylgja því svo hljóðandi álitsskjal:

„Stutt lýsing á höfn og fyrirhugnum hafnarmannvirkjum í Hafnarfirði.

Hafnarfjarðarhöfn hefir löngum verið talin í röð betri hafna á landinu, og ber margt til þess; en þó aðallega það, að þar er skjól og ró í norðan-, austan- og sunnanáttum. Í útsynningi og yfirleitt í öllum vestlægum áttum er höfnin aftur á móti opin og óvarin fyrir stórum öldum utan úr flóanum. Á meðan útgerð var hjeðan aðeins í smáum stíl sakaði þetta ekki svo mikið, þá var bara beðið eftir að lygnði. En síðan útgerðin hefir vaxið og öll afgreiðsla skipanna hefir orðið að gerast eins fljótt og mögnlegt hefir verið, hefir þetta orðið mjög tilfinnanlegt. Á þessari vertíð leggja hjer upp afla sinn 10 línugnfuskip, 6 innlendir togarar og sennilega 6 enskir togarar, fyrir ntan mótorbáta. Þessi skip öll, svo og öll »fragta«-skip, sem hingað koma, eiga að fá afgreiðslu við eina og sömn bryggjuna, og þykist jeg vita að ekki megi mikið út af bera til þess að þan geti öll fengið fljóta afgreiðslu. Komi nú vestanstormur, verðnr að reka skipin frá bryggjnnni, til þess að þan hvorki skaði hana nje sjálf sig. — Þetta hafa menn hjer fundið að ekki gat gengið til lengdar, og því var fenginn hingað verkfræðingur til að mæla npp höfnina og annar (N. Monberg) til að gera tillögur og kostnaðaráætlanir um hafnargerð. Það var árið 1923 að Monberg lagði fram sínar tillögur, og gengu þær út á að byggja ca. 700 metra langan garð yfir þvera höfnina, frá suðurlandinu, þar sem heitir Skiphóll. Þessi garðnr á að hans álitu að geta skapað hina nauðsynlegu ró í höfninni, og það er þessi garður, sem nú er meiningin að byggja. Um gerð garðsins og fyrirkomulag við vinnuna visast að öðrn leyti til brjefs Monbergs, dags. 23. ág. 1923, sem fylgir hjer með í afriti. Þess má geta í þessu sambandi, að vítamálastjóri, herra Th. Krabbe, var máli þessu mjög fylgjandi og mælti eindregið með tillögnum Monbergs.

Kostnaðaráætlun sú, er »projektinu« fylgdi, var mjög lausleg, eins og sjá má á meðfylgjandi brjefi. Hann áætlar garðinn »lauslega eitthvað yfir 1,25 milj. kr.« —

Árið 1923 var ákaflega erfitt að gera kostnaðaráætlun eins og þessa, þar

sem verðlag alt var þá á svo miklu reiki. Nú hefir verðlag alt lækkað mikið síðan og orðið fastara, þannig að hafi garðurinn kostað kringum 1,25 milj. þá, ætti hann ekki að fara yfir 1 milj. nú. Annars verður sjálfsagt, undir eins og ákveðið hefir verið að byrja á verkinu, gerð nákvæm kostnaðaráætlun, nm leið og hinar endanlegu mælingar og teikningar verða gerðar, en til fjárveitingar og til þess að hægt sje að taka afstöðu til málsins, ætti áætlun Monbergs að duga, ásamt með þeim mælingum og teikningum, sem þegar hafa verið gerðar.

Að loknum skal jeg leyfa mjer að nefna tvær ástæður, sem sjerstaklega tala fyrir því að undiun verði bráðnr bugnr að því að byggja garð þennan :

1. Útgerð hefir aldrei verið meiri hjeðan úr bænum en nú, og virðist altaf vera að ankast. Bryggjuplássið er svo lítið, að engin stnnd má missast, vegna þess að ómögulegt sje að afgreiða skipin vegna ókyrðar við bryggjuna.
2. Á síðari árnem hefir höfnin grynkað allvernlega, þannig að uppmokstur er ónmflýjanlegur í nánastn framtíð. Þó að hægt væri nú að framkvæma þennan uppmokstur án skjólgarðs, væri að öllu leyti heppilegra, að hann væri kominn áður. Svo er einnig nm önnnr mannvirki, sem gera þarf i höfninni, fleiri bryggjur og bólverk etc. Garðurinn er nanðsynlegur uदानfari og undirstaða nndir því öllu.

Hafnarfirði, 14. febr. 1929.

Emil Jónsson.«

Að öðrn leyti verðnr gerð grein fyrir frv. í framsögu.